

ÞINGGERÐ  
KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS  
ÍSLANDS



31. ÁRSPING  
1991

## 4. SKÝRSLA STJÓRNAR.

Kolbeinn Pálsson, formaður K.K.Í, flutti skýrslu stjórnar. Hann sagði að í blaðaviðtali nýlega hafi hann sagt að það þyrfti vitlesinga til að taka að sér stjórn sérsambands eins og styrktarkerfinu er háttað í dag. Hann fór yfir helstu verkefni fráfarandi stjórnar. Til hliðsjónar notaði hann skýrslu stjórnar K.K.Í og skýrslur nefnda sem fram koma í ársskýrslu K.K.Í 1990-1991. Kolbeinn færði öllum nefndar- og stjórnarmönnum þakkir fyrir vel unnin störf á síðasta ári. Enn fremur vildi hann þakka Pétri H. Sigurðssyni framkvæmdastjóra vel unnin störf.

Einar Bollason formaður kjörbréfanefndar fékk leyfi þingforseta til að skýra frá störfum kjörbréfanefndar og lesa upp kjörbréf. Einar las upp nöfn þingfulltrúa.

Frá ÍBH:	Ólafur Rafnsson Sigtryggur Ásgrímsson Ingvar Kristinsson Sturla Jónsson Sóley Indriðadóttir	Brynjar Indriðason Sverrir Hjörleifsson Hálf dán Markússon
Frá ÍS:	Ingvi Jón Kjartansson Anton A. Gylfason Heiða B. Heiðarsdóttir Jón Einarsson Margeir Ó Guðmundsson	Karl A. Sanders Sigurður H. Ólafsson Guðríður Vilbergsdóttir Friðrik Rúnarsson Ólafur Þór Jóhannsson
Frá HHF:	Friðrik Magnússon Halldór Leifsson	
Frá UMSK:	Bjarni G. Þórmundsson Sóley Ægisdóttir Hannes Jónsson	
Frá HSH:	Þorvaldur Pálsson Grétar D. Pálsson Pétur Kristinsson Jóhannes Finnur Halldórsson Ólafur Sigurðsson Ríkhartur Hrafnkelsson Davið Sveinsson	Vignir Sveinsson
Frá ÍBA:	Gylfi Kristjánsson Birgir Torfason	Kjartan Bragason Helgi Sigurðsson
Frá UMSS:	Jóhann Ingólfsson Hrönn Pétursdóttir Magnús Svavarsson Ragnheiður Baldursdóttir Kristín Elfa Magnúsdóttir	Margeir Friðriksson Ragnar Kárason Sigurlaug Valgarðsdóttir Edda Lúðvíksdóttir Pálmi Sighvatsson
Frá ÍA:	Ragnar B. Sigurðsson Hörður Harðarson Guðmundur Egill Ragnarsson Þóra Björg Elíadóttir	

Frá ÍBK:	Sveinn Ævarsson Magnús Jensson Grétar Miller Stefán Arnarson Tómas Tómasson	Birgir Runólfsson Jóhannes Ellertsson Gunnar Jóhannsson Sigurður Valgeirsson Erla Sveinsdóttir
----------	---	--

Frá ÍBR:	Elínborg Guðnadóttir Kolbrún Jónsdóttir Helgi Bragason Ingólfur Jónsson Björgvin Björgvinsson Kristinn Stefánsson Einar Bollason Guðmundur Þorsteinsson Kolbeinn Pálsson Pétur Hrafn Sigurðsson
----------	--

Frá UMSB:	Bjarni Steinarsson Sólrún Rafnsdóttir Hafsteinn Þórisson Birgir Mikaelsson Indriði Jósafatsson
-----------	--

Á þinginu eru 52 fulltrúar og 73 gild atkvæði.

Þingforseti þakkaði Einari fyrir og minnti jafnframt á skemmtisiglingu sem Snæfell býður upp á.

#### 5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA TIL SAMÞYKKTAR

Guðmundur Þorsteinsson, gjaldkeri KKI, lagði fram endurskoðaða reikninga KKI og skýrði þá. Hallinn á rekstrinum var kr. 1.700.000 sem er nánast sama tala og kostnaður KKI við Norðurlandamót unglunga sem haldið var í Stykkishólmi. Ársvelta sambandsins var kr. 18.820.000. Sagðist tilbúinn til að svara þeim spurningum sem kynnu að vakna hjá þingfulltrúum.

#### 6. UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA.

Þingforseti gaf orðið laust.

Einar Bollason sagðist vita að Guðmundi væri illa við að skila tapi. Hann sagðist muna til þess að KKI hafi skilað hagnaði en hans álit er að KKI sé ekki samtök sem eigi að skila hagnaði. Þetta ár sem KKI skilaði hagnaði var t.d. engin starfsemi landsliða. Spurði hvort nokkur leið væri til að meta þann gróða sem við öll eigum eftir að uppskera í fjöldamörg komandi ár í krónum talið. Það er betra að sýna fram á gott starf og skila tapi og sagðist Einar vera manna ánægðastur þegar KKI skilaði tapi því það sýnir að einhver starfsemi er í gangi.

Þingforseti leitaði eftir fleiri athugasemdum við reikningana.

Ingvar Kristinsson vildi afsaka það að hann mætti seint en hann hafði fengið upplýsingar um að mæta kl. 13.00. Ingvar sagði það áhyggjuefni að KKÍ skilar tapi. Það var tap á KKÍ í fyrra og nú einnig og því virðist uppsafnað tap nema 3.2 milljónum króna. Það virtist sem það vantaði 1.5 milljón króna í reksturinn til að endar nái saman. Ef auka á skrifstofuhald hjá KKÍ þá er spurningin hvar á að ná í fjármuni. Landslið KKÍ virðast kosta okkur u.þ.b. 10 milljónir króna en tekjur á móti eru 4,6 milljónir. Þarna virðist vera undirballans upp á 5.6 milljónir. Hann fékk sent bréf frá A-landsliðsnefnd kvenna um að félag hans styrkti nefndina um kr. 15.000. Kjörfuknattleiksdeild Hauka er rekin með undirballans og ekki til fé handa kvennalandsliðsnefnd KKÍ. Ingvar benti á að það yrði að leysa málið því ef KKÍ er alltaf rekið með tapi, þá kemur það til með að bitna á félögunum að lokum.

Grétar D. Pálsson spurði af hverju reikningsárið væri til 7. maí en ekki 30. apríl eins og gert er ráð fyrir í lögum.

Guðmundur Þorsteinsson sagði það vera vegna þess að ákveðið hafi verið að taka Evrópukeppnina á Íslandi með inn í reikningana til að gefa raunsanna mynd af stöðunni.

Þingforseti bar skýrslu og reikninga stjórnar til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða með fyrirvara frá UMSS.

## 7. FRÁFARANDI STJÓRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN.

Guðmundur Þorsteinsson talaði fyrir fjárhagsáætlun fráfaramandi stjórnar KKÍ fyrir 1991-1992.

Þingforseti gaf orðið laust.

Ragnar Sigurðsson benti á að áætlunin gerði ráð fyrir að þátttökugjöld í islandsmóti yrðu kr. 1.800.000 en niðurstöðutölur síðasta árs hljóðuðu upp á kr. 2.700.000. Þetta atriði þarfnaðist athugunar.

Magnús Svavarsson benti á að ekki hafi verið gert ráð fyrir því að ná gömlu skuldinni niður. Taldi nauðsynlegt að gera ráð fyrir tekjuafgangi til að greiða niður gömlu skuldina.

Þingforseti vísaði fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar.

Þingforseti gaf kaffihlé.

Þingforseti tók fyrir þær tillögur sem borist höfðu til stjórnar og lagðar voru fram fyrir þingið.

Samþykkt að vísa þingskjali 1 A-lið til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali 1 B-lið til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali 1 C-lið til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali 1 D-lið til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali 1 E-lið til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali 1 F-lið til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali 1 G-lið til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali 1 H-lið til fjárhagsnefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali 1 I-lið til laga og leikreglnanefndar.  
 Samþykkt að vísa þingskjali 1 J-lið til laga og leikreglnanefndar.

Þingforseti tók fyrir þingskjal nr. 2.

Þjarni G. Þórmundsson vildi koma fram með leiðréttingu á stafsetingavillu í þingskjalinu þar sem sigurvegari í 1. deild á að leika í úrvalsdeild en ekki í 1. deild eins og stendur í þingskjalinu.

Þingforseti las tillöguna ásamt breytingatillögu frá Ungmennafélaginu Víkverja við þingskjal nr. 2 sem verður þingskjal nr. 7.

Þingforseti lagði til að þingskjalinu með breytingatillögu verði vísað til allsherjarnefndar og var það samþykkt

Einar Bollason vildi benda á að það væri gott fyrir nefndarmenn í allsherjarnefnd að kynna sér hugmyndir fulltrúa frá öðrum 1. deildarfélögum sem væru á þinginu til að fá hugmyndir um vilja félaganna.

Margeir Guðmundsson hafði athugasemd fram að færa varðandi þingskjal 1 I-lið en hann sagði það sýna skoðun að úrslitaleiki bæri að leika í Laugardalshöll.

Þingforseti bað 2. þingforseta, Kolbein Pálsson um að taka við stjórn þingsins.

Kolbeinn Pálsson, 2. þingforseti, las upp þingskjal nr. 3.

A-lið var vísað til allsherjarnefndar.

B-lið var vísað til allsherjarnefndar.

C-lið var vísað til allsherjarnefndar.

2. Þingforseti las upp þingskjal nr. 4.

Sveinn Ævarsson vildi benda á að ef liður A í þingskjalinu yrði samþykktur myndu útlendingarnir ganga á lagið og heimta kauphækkun eftir að ekki mætti lengur skipta um félag. Varðandi B-lið þá vildi hann koma fram með breytingatillögu um að óheimilt væri að skipta um félag eftir 1. nóvember ár hvert. Hugmyndin með tillögunni væri að koma í veg fyrir að leikmenn skiptu um félag í desembermánuði.

Jón Einarsson sagði hugmynd Inga Gunnarssonar og Njarðvíkinga vera að koma í veg fyrir að félög gætu keypt topp leikmenn í lok íslandsmóts og þannig keypt titilinn.

Samþykkt var að vísa þingskjali 4 A-lið til allsherjarnefndar.

Samþykkt var að vísa þingskjali 4 B-lið til allsherjarnefndar.

Samþykkt var að vísa breytingatillögu við þingskjal 4 B-lið til allsherjarnefndar. (Sjá þingskjal nr. 17).

Samþykkt var að vísa þingskjali 4 C-lið til fjárhagsnefndar.

Þingforseti tók aftur við stjórn þingsins.

Þingforseti tók fyrir þingskjal nr. 5.

A-lið var vísað til allsherjarnefndar

B-lið var vísað til allsherjarnefndar.

Magnús Svavarsson vildi skýra B-lið þingskjals nr. 5. Hann sagði að verkefni eftirlitsdómara væri að athuga hvort ekki væri allt í lagi fyrir leik og að gefa dómurum einkunnir eftir frammistöðu þeirra.

C-lið var vísað til allsherjarnefndar.

Pétur Hrafn Sigurðsson vildi benda á að tillögur UMFT yrðu þær samþykktar þýddu að nauðsynlegt væri að fjölga dómurum. Hins vegar gangi tillaga Snæfells í þveröfuga átt.

Þingforseti sagði fram komna tillögu frá Gylfa Kristinssyni. Hann las upp tillöguna. "Keppnistímabilið 1991 til 1992 verður félögum sem leika í úrvalsdeild heimilt að hafa innan sinna raða tvo erlenda leikmenn". Þingforseti las einnig greinargerð með þessari tillögu (Sjá aftast í þinggerð). Þingforseti sagði þessa tillögu of seint fram komna og því þyrfti að leita afbrigða til að tillagan fengist rædd. Þingforseti bar upp hvort leyfa ætti að taka þessa tillögu á dagskrá. 25 voru hlyntir en fjöldi þingfulltrúa á móti svo ljóst var að tillagan fékk ekki tilskilinn 2/3 hluta atkvæða og var því ekki tekin á dagskrá.

Þingforseti leitaði einnig afbrigða vegna tillögu frá UBK (sjá aftast í þinggerð). Fellt var að taka tillöguna á dagskrá 30 fulltrúar greiddu atkvæði með en 54 atkvæði voru í salnum. Nokkrar umræður urðu um atkvæðagreiðsluna. Þingforseti kvað upp úr með að þessi tillaga hafi verið afgreidd með fullnægjandi hætti.

Þingforseti bar upp tillögu um að Þorvaldur Pálsson og Stefán Arnarsson skipti um nefndarsæti þannig að Stefán verði í laga og leikreglnanefnd en Þorvaldur í allsherjarnefnd. Var það samþykkt.

Þingforseti gerði hlé á þingfundi til sunnudags.

## SUNNUDAGUR 12 MAÍ.

Þingforseti bauð þingfulltrúum góðan dag og gekk til dagskrár.

### 1. ÁLIT NEFNDA.

#### Fjárhagsnefnd.

Guðmundur Þorsteinsson mælti fyrir hönd nefndarinnar. Hann sagði nefndina ekki geta mælt með samþykkt þingskjals nr. 1 H-liður þar sem nefndin taldi ekki rétt að aðskilja reikninga sambandsins. Sérstaklega þar sem ekki er gert ráð fyrir öðru en að kostnaður sem nefndin verður fyrir falli á K.KÍ.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar hann þá þingskjal nr. 1 H-lið upp og var það fellt með meirihluta atkvæða.

Þingskjal nr. 4 C-liður. Nefndin leggur til að þetta þingskjal verði borið upp í tvennu lagi og las upp tillöguna. Nefndin er fylgjandi meginhugmynd þessarar tillögu og leggur fram breytingatillögu (sjá þingskjal nr. 12)

Þingforseti gaf orðið laust.

Sveinn Ævarsson bað um skýringar á nokkrum atriðum og fékk þær.

Grétar D. Pálsson vildi skýra út tillöguna og breytingatillöguna. Sagði að tillagan á þingskjali 4 C-liður fæli í sér þversögn því leggur nefndin til að ágóði tap falli út. Í staðinn komi tillaga Inga með orðalagsbreytingum nefndarinnar. Þetta er einfalt mál fyrir þá sem eru hressir.

Þingforseti bar upp breytingatillögu nefndarinnar (Sjá þingskjal nr. 12) og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Guðmundur Þorsteinsson sagði nefndina leggja til að síðari hluti þingskjals nr. 4 C-liður verði felldur þar sem ekki sé fært að skerða tekjumöguleika sambandsins.

Þingforseti gaf orðið laust.

Jón Einarsson sagði að bein sjónvarpsútsending þýddi tap upp á kr. 150.000 fyrir félag eins og Njarðvík.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði að það gætti nokkurs misskilnings í tillögunni þar sem K.KÍ fengi ekki þá peninga sem sjónvarpið greiðir fyrir útsendingar. Þeir peningar rynnu beint til félaganna. Pétur skýrði út þær reglur sem giltu við úthlutun á peningagreiðslum frá sjónvarpi til félaganna vegna útsendinga frá leikjum í úrvalsdeild og bikarkeppni.

Þingforseti bar upp til atkvæða síðari hluta þingskjals nr. 4 C-lið og var tillagan felld.

Þingskjal nr. 6. Guðmundur Þorsteinsson sagði að litill tími hafi unnist til að útbúa almennilega fjárhagsáætlun og því hafi fjárhagsnefnd gert töluverðar breytingar á fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun (Sjá þingskjal nr. 10)  
Hann benti á að þátttökugjöld í islandsmóti og bikarkeppni hækka en aðrir liðir séu svipaðir. Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur verði kr. 827.000 sem fari í að greiða eldri skuldir.

Þingforseti gaf orðið laust.

Ingvar Kristinsson sagði það jákvætt að gert sé ráð fyrir að rekstrarafgangur verði upp á kr. 827.000. Sagði að það vantaði eitthvað á bak við þessa liði. Hvað þýða þessir liðir, hvað stendur t.d. á bak við liði eins og landslið og skrifstofa.

Magnús Svavarsson sagði að tillaga fjárhagsnefndar gerði ráð fyrir að þátttökugjöld í islandsmóti og bikarkeppni hækki um 20%.

Guðmundur Þorsteinsson sagði rétt að áréttu að KKÍ og félögin væru eitt, en ekki aðilar sem væru að berjast um fé. Hann skýrði út þann kostnað sem KKÍ verður fyrir vegna landsliða.

Ingvar Kristinsson áréttaði spurningu um kostnað vegna skrifstofu.

Guðmundur Þorsteinsson sagði að komið hefði í ljós að verkefni skrifstofu hefðu aukist það mikið að einn maður réði ekki við þau með góðu móti. Það væri því spurning hvort ekki væri rétt að fá annan starfsmann til að vinna að verkefnum sem væru ekki arðbær fyrir KKÍ s.s. færsla á bókhaldi ofl. Á sama tíma gæti framkvæmdastjóri unnið að verkefnum sem skila af sér fé.

Þingforseti bar fjárhagsáætlunina undir atkvæði (þingskjal nr. 10) og var hún samþykkt samhljóða.

#### Laga og leikreglanefnd.

Ólafur Rafnsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndarmenn komust að samkomulagi um að leggja til við þingið að skipuð yrði Minniboltanefnd sem skipuð yrði öllum okkar helstu sérfræðingum á því sviði. (Sjá þingskjal nr. 8). Nefndin skyldi endurskoða keppnisfyrirkomulag og samræma leikreglur í Minnibolta og skila niðurstöðu til formannafundar KKÍ í haust. Af þessu leiddi að Stefán Arnarsson dró til baka allar sínar tillögur er vörðuðu Minnibolta.

Þingskjal nr. 1, A-liður. Nefndin lagði fram breytingatillögu við áður framkomna tillögu varðandi aldursskiptingu sem hér segir: (Sjá þingskjal nr. 9).

- a) Konur:
- 1. aldursflokkur 19 ára og eldri
  - Unglingaflokkur 17 og 18 ára
  - Stúlknaflokkur 14 og 15 ára
  - 8. flokkur 13 ára
  - Minnibolti 12 ára og yngri.

Tillagan var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Þingskjal nr. 1, B-liður, breytingatillaga nr. 2.  
Flutningsmaður tillögunnar hafði dregið hana til baka eins og áður er um getið.

Þingskjal nr. 1, C-liður, breytingatillaga nr. 3.

Nefndin lagði til breytingatillögu við þá tillögu sem hljóðar svo: "Þó er 5 leikjahæstu mönnum í 2. deild karla heimilt að leika með 1. flokki." (Sjá þingskjal nr. 11).

Pétur Hrafn Sigurðsson benti á að fæst 2. deildar lið hefðu svo mörgum leikmönnum á að skipa að ef 5 leikjahæstu menn væru teknir út næðu þau ekki í lið í 1. flokki.

Þá var gengið til atkvæða um þann hluta tillögunnar er varðaði það að bæta orðunum "í Íslandsmóti" inn í. Samþykkt samhljóða.

Síðan var gengið til atkvæða um síðari hluta tillögunnar þar sem lagt var til að inn kæmi setningin "Þó er 10 leikjahæstu mönnum í 2. deild karla heimilt að leika með 1. flokki." (Sjá þingskjal nr. 1 C-lið). Fellt.

Loks voru greidd atkvæði um breytingatillögu Laga og leikreglnanefndar sem hljóðaði svo: Þó er 5 leikjahæstu mönnum í 2. deild heimilt að leika með 1. flokki." (Sjá þingskjal nr. 11). Samþykkt.

Þingskjal nr. 1, D-liður. Nefndin gerði athugasemdir við þennan lið.

1. Liður þrjú hljóði þannig að ef 9 lið eða fleiri leika í 1. deild kvenna skal leika tvöfalda umferð.

2. Úrslitakeppni 1. deildar kvenna skal háð þannig að lið í fyrsta sæti og lið í fjórða sæti leiki saman og lið í öðru og þriðja sæti leiki saman þar til annað liðið hefur sigrað í tveim leikjum. Þau lið sem sigra leika til úrslita og verður það lið íslandsmeistari sem fyrr sigrar í tveim leikjum.

3. Mótanefnd skal standa fyrir keppni í 2. deild kvenna (Sjá þingskjal nr. 20)

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs svo þingforseti las upp tillögu nefndarinnar og bar hana upp til atkvæða. Var hún samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 1, E-liður, breytingatillaga nr. 5

Tillagan hafði verið dregin til baka.

Þingskjal nr. 1, F-liður, breytingatillaga nr. 6. Nefndin lagði til eftirfarandi breytingatillögu við fyrri hluta greinarinnar. (Sjá þingskjal nr. 21).

"Í öllum flokkum kvenna skal leikið með kvennabolta"

Pétur Hrafn Sigurðsson spurði hvort ekki væri slæmt varðandi keppni landsliðsins erlendis ef leikið væri með kvennabolta hér heima en stórum bolta erlendis.

Kolbrún Jónsdóttir svaraði því til að kvennalandsliðið léki ekki marga leiki erlendis á hverju ári auk þess sem stundum væri leikið með "kvennabolta" í mótum erlendis og hún taldi það því ekki eiga að koma sök.

Þessi hluti tillögunnar var samþykktur samhljóða.

Varðandi síðari hluta tillögunnar lagði nefndin til að hann orðaðist svo: "Í 9., 8. og 7. flokki og í stúlknaflokki er einungis heimilt að leika maður á mann vörn á eigin vallarhelmingi en á eigin sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er". (Sjá þingskjal nr 21). Samþykkt.

Þingskjal nr. 1, G-liður, breytingatillaga nr. 7. Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt með smálagfæringum þ.e. að 3 breytist í 4. og sá liður hljóði svo: " Ef fjöldi liða er 13 eða fleiri o.s.frv." (Sjá þingskjal nr. 22). Samþykkt.

Þingskjal nr. 1, I-liður, breytingatillaga nr. 9. Nefndin lagði til að tillagan yrði felld og var það gert án umræðna.



Þingskjal nr. 1, J-liður, breytingatillaga nr. 10, hafði verði dregin til baka.

Þar með var lokið greinargerð Laga og leikreglnanefndar.

#### Allsherjarnefnd.

Ragnar Sigurðsson hafði orð fyrir nefndinni.

Þingskjal nr. 2. Nefndin lagði fram breytingatillögu við þingskjalið. (Sjá þingskjal nr. 14). Nokkrar umræður urðu um það hvort hægt væri að segja að 1. deild skuli skipuð 8 liðum en gera jafnframt í sömu grein ráð fyrir þeim möguleika að þau væru færri. Breytingatillaga allsherjarnefndar var síðan samþykkt.

Þingskjal 3. A-liður. Nefndin lagði fram breytingatillögu við þessa tillögu, þannig að tillaga Snæfells yrði samþykkt en felldar yrðu niður setningarnar "KKÍ fái rétt til að sekta þá dómara sem brjóta gegn ákvæði þessu og haft verði samráð við félög um ferðamáta, því það eru félögin sem greiða þennan ferðakostnað", en við bættist setningin "Tekin verði upp sameiginlegur ferðasjóður dómara líkt og í 1. karla og Úrvalsdeild í 1. deild kvenna og Lávarðadeild". (Sjá þingskjal nr. 15).

Helgi Bragason mælti með samþykkt tillögunnar og kvaðst vonast til að félögin litu á þann kostnaðarauka sem þetta hefði í för með sér sem framlag sitt til uppbyggingar dómaraastéttarinnar.

Grétar Pálsson lagði til að þessi setning yrði sett inn í greinina á eftir orðunum "Ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild..."

Helgi Bragason lagði fram þá breytingatillögu að unglíngaflokkur karla yrði einnig tekinn inn í þessa grein.

Ingvar Kristinsson lagði til að setningin "Dómarar skulu ávallt ferðast á þann máta sem hagkvæmastur er hverju sinni" yrði felld út.

Þorvaldur Pálsson kvaðst alfarið vera á móti því að fella þessa setningu út, hann kvað dómara leika sér með fé félaganna.

Pétur Hrafn Sigurðsson benti á að ef allir flokkar yður teknir inn í ferðasjóð hefði það væntanlega í för með sér verulega aukinn kostnað, þar sem dómarar yrðu þá settir á leiki að einhverju leiti án tillits til vegalengdar.

Grétar Pálsson sagði að þetta yrði ekki aukinn kostnaður heldur væri um að ræða jöfnun á kostnaði milli félaga.

Nú var gengið til atkvæða um tillögu Snæfells (Sjá þingskjal nr. 3 A-liður). Atkvæði féllu þannig að já sögðu 16 en nei sögðu 26.

Síðan var svohljóðandi ályktun samþykkt "Dómarar skulu ávallt leitast við að ferðast á þann máta sem hagkvæmastur er hverju sinni."

Tekin fyrir breytingatillaga frá Grétari Pálssyni (Sjá þingskjal nr. 13) við breytingatillögu Allsherjarnefndar á 5. gr. sem hljóðar svo:

Niður falli setningin "Tekin verði .... o.s.frv."

Í stað þess breytist setningin "Ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild...." og verði svohljóðandi "Ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild, 1. deild karla og kvenna og Lávarðadeild...."

Allsherjarnefnd samþykkti fyrir sitt leyti að þessi tillaga væri lögð fram í stað breytingatillögu þeirra.  
Samþykkt.

Þingskjal nr. 3, B-liður. Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt og var það gert móttakvæðalaust.

Þingskjal nr. 3, C-liður. Þar sem tillaga í lið A, var samþykkt, ákvað Snæfell að draga til baka þessa tillögu.

Þingskjal nr. 4, A-liður. Nefndin leggur til að þingið beini þeim tilmælum til stjórnar KKÍ að félagaskipti erlendra leikmanna verði tekin fyrir á formannafundi (Sjá þingskjal nr. 24).

Kolbeinn Pálsson taldi nauðsynlegt að fá heimild þingsins til að leggja þetta fyrir formannafund ef hugmyndin væri að sá fundur tæki ákvörðun um þessi mál.

Sveinn Ævarsson sagði hugmynd allsherjarnefndar ekki hafa verið þá að færa vald þingsins til formannafundar, heldur yrði málið rætt þar og reynt að finna einhverja "skothelda" lausn þannig að einstakir leikmenn geti ekki stillt stjórnnum félaga upp við vegg.

Þingforseti bar þingskjal nr. 4 A-lið undir atkvæði og var hún felld.

Þingskjal nr. 4, B-liður. Allsherjarnefnd lagði fram breytingatillögu við þennan lið. (Sjá þingskjal nr. 17).

Töluverðar umræður urðu um þessa tillögu og voru menn ekki á eitt sáttir um hvort hægt væri að fara í kringum greinina með þessari breytingu.

Pétur Hrafn Sigurðsson spurði hvort leikmaður sem ekki hefur leikið með sínu gamla félagi á keppnistímabilinu gæti skipt um félag eftir 1. nóvember ár hvert.

Kolbeinn Pálsson benti á að í 6. tölulið 27. grein vantaði þessar dagsetningar.

Grétar Pálsson lagði til að við 6. tölulið 27. gr. bættist "sbr. þó 3. grein."

Sveinn Ævarsson spurði hvort um væri að ræða að krakkar sem færu út í nám og kæmu svo heim í miðju móti gætu ekki spilað.

Kolbeinn Pálsson sagði að haft hefði verið samband við FIBA varðandi þetta atriði og í svari þeirra hefði komið fram að ef skólamótin féllu undir FIBA (eins og NCAA gerir) yrðu félagaskiptin að fara að reglugerðum KKÍ.

Pétur Hrafn Sigurðsson lagði til að tillögunni yrði vísað til nefndar.

Gengið til atkvæða um frávísun. Frávísunartillagan var felld með 19 atkvæðum gegn 21.

Var þá haldið áfram með umræður um breytingatillögu á 3. lið 27. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Ingvar Kristinsson lagði til að gert yrði hlé á þingstörfum í um 30 mínútur og skipaðir yrðu þrír menn í starfshóp sem koma myndi með fullmótaða tillögu um þetta mál.

Var það gert.

Kaffihlé.

Ólafur Rafnsson gerði grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Nefndin lagði til að tillögunni frá U.M.F.N. yrði vísað til millipinganefndar.

Jón Einarsson sagði Njarðvíkinga tilbúna til að draga sína tillögu til baka að því tilskyldu að unnið yrði í málinu fram að næsta þingi.

Tillaga um að vísa tillögu Njarðvíkinga til millipinganefndar samþykkt.

Því næst var samþykkt svohljóðandi ályktun varðandi félagaskipti.

"31. ársþing KKÍ haldið í Stykkishólmi dagana 11. og 12. maí 1991 ályktar: Þar sem viðkvæmri umræðu um reglugerð um félagaskipti hefur verið vísað til millipinganefndar, skulu félög innan KKÍ gæta að því að ekki er ásættanlegt að verið sé að bjóða í leikmenn annarra liða yfir keppnistímabilið, og gera með sér heiðursmannasamkomulag um að láta slíkt hjá liða fram að næsta ársþingi." (Sjá þingskjal nr. 23).

Þingskjal nr. 5, A-liður. Tillagan hafði verið afgreidd hjá Laga og leikreglanefnd.

Þingskjal nr. 5, B-liður. Allsherjarnefnd taldi þessa tillögu óframkvæmanlega að sinni og var tillagan síðan felld án umræðna.

Allsherjarnefnd lagði fram breytingatillögu við a) lið 10. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót: Á eftir setningunni: "Fjöldi liða í riðlunum skal ákveðinn þannig komi: 6 lið eða færri leika í einum riðli, 7 - 12 lið í tveimur riðlum o.s.frv." (Sjá þingskjal nr. 18). Engar umræður urðu um þessa breytingatillögu og var hún samþykkt.

Þingskjal nr. 5, C-liður. Allsherjarnefnd lagði til að þessi tillaga yrði felld og var það gert.

## 10. ÖNNUR MÁL.

Grétar Pálsson kvaddi sér hljóðs og vildi tæpa á örfáum atriðum er varða samstarf okkar sem byggjum KKÍ. Hann taldi að þegar leik væri lokið væri í raun einungis kominn hálfleikur. Hann hvatti félög til að taka vel á móti gestaliðum og gera umbúnaðinn um leikina glæsilegri.

Hann ræddi dómaramál, taldi að við þyrftum að færa þá umræðu á ögn herra plan og reyna að gera dómarastrarfið eftirsóknarvert.

Hann lagði á það áherslu að allir innan KKÍ færu að lögum og reglugerðum KKÍ en létu ekki hefðir ráða gerðum sínum.

Kristinn Stefánsson lagði fram ályktun varðandi dómaramál. (Sjá þingskjal nr. 25).

Sóley Ægisdóttir lagði áherslu á að eitthvað yrði gert til að gera dómarastrarfið eftirsóknarverðara.

Magnús Pálsson gerði dómaramál í fjölíðamótum yngri flokka að umræðuefni. Lagði sérstaka áherslu á að eftirlitsdómari yrði settur á öll fjölíðamót, eins og getið er um í reglugerð. Óskaði eftir því að reynt væri að taka tillit til þeirra félaga sem þurfa að senda marga flokka í keppni um sömu helgi.

Kolbeinn Pálsson lagði til að mótanefnd yrði skipuð fulltrúum frá þremur félögum í einu og skipt yrði um fulltrúa árlega. Hann stakk upp á því að KR, Haukar og UMFN skipuðu fulltrúa í mótanefnd fyrir næsta starfsár.

Þorvaldur Pálsson vildi leiðrétta Magnús varðandi eftirlitsdómara á fjölmiðamót, sagði að einungis væri um heimild að ræða. Hann gerði athugasemd við tilnefningu Kolbeins Pálssonar í mótanefnd, þar sem ekkert félag af landsbyggðinni ætti fulltrúa og lýsti Snæfell reiðubúið til að tilnefna mann í þá nefnd.

Jóhannes Finnur Halldórsson kom með tillögu um hvort ekki væri skynsamlegt að draga um fulltrúa í nefndina.

Magnús Svavarsson sagði að mikið hefði verið skrifað um Sauðárkrók í fjölmiðla vegna körfuknattleiksins. Hann lagði til að næsta ársþing KKI yrði haldið á Sauðárkróki.

Margeir Guðmundsson kom fram með fyrirspurn um hvort búið væri að þýða nýju alþjóðaleikreglurnar. Ástæðan er sú að UMFG fór margoft fram á að fá dómara námskeið en fékk þau svör að dómara nefnd gæti ekki haldið námskeið fyrr en búið væri að þýða reglurnar.

Ólafur Rafnsson bar upp tillögu um að minniboltanefnd yrði skipuð af stjórn KKI og að Stefán Arnarson ætti sæti í þeirri nefnd.

Helgi Bragason sagði sér vera ljúft og skylt að svara Margeiri Guðmundssyni. Alþjóðlegu reglurnar hafa ekki enn verið þýddar en verða vonandi tilbúnar til útgáfu í haust. Vonar að hægt verði að halda námskeið sem víðast ef nægur fjöldi þáttakenda fæst og ef fæst leiðbeinandi.

Þingforseti tók fyrir ályktanir og tillögur nefnda.

Ályktun frá Kristni Stefánssyni varðandi dómaramál (sjá þingskjal nr. 25). Samþykkt.

Tillaga um millipinganefnd varðandi félagaskipti (sjá þingskjal nr. 26). Samþykkt

Tillaga um að Haukar, Snæfell og K.R. skipi menn í mótanefnd næsta ár. Samþykkt.

Tillaga varðandi nefnd um minniboltann (sjá þingskjal nr. 8). Samþykkt.

#### 11. KOSNING ÞRIGGJA MEÐSTJÓRNENDA TIL TVEGGJA ÁRA OG 3 MANNA Í VARASTJÓRN TIL EINS ÁRS.

Tillaga um þrjá meðstjórnendur til 2ja ára.

Ægir Ágústsson  
Jón Þór Hannesson  
Ólafur Rafnsson

Samþykkt

Tillaga um þriggja manna varastjórn til eins árs.

1. varamaður Kolbrún Jónsdóttir  
2. varamaður Helgi Bragason  
3. varamaður Jón Einarsson

Samþykkt

12. KOSNING EINS MANNS Í KÖRFUKNATTLEIKSDÓMSTÓL OG EINS  
TIL VARA. BEGGJA TIL ÞRIGGJA ÁRA.

Aðalmaður: Helgi Ingólfur Jónsson

Varamaður: Árni Guðmundsson

Samþykkt

13. DREGIÐ Í RIÐLA Í ÚRVALSDEILD.

Þingforseti dró um í hvorum riðlinum KR og UMFG leika næsta keppnistímabil.

KR leikur í A-riðli en UMFG í B-riðli.

14. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA.

Tillaga um Ágúst Jóhannesson og Guðrúnu Ólafsdóttur

Samþykkt

15. KOSNING FULLTRÚA Á ÍÞRÓTTAÞING.

Tillaga um að þessari kosningu yrði vísað til stjórnar.

Samþykkt

16. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR.


Þingriturum var falið að ganga frá þinggerð og senda hana til þeirra sem óskað höfðu eftir því.


Þingforseti lýsti því yfir að hann hefði haft ánægju af starfi sínu sem þingforseti. Hann taldi körfuknattleikinn í sókn, þakkaði fyrir samstarfið og gaf Kolbeini Pálssyni orðið.

17. ÞINGSLIT.

Kolbeinn Pálsson þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum vel unnin störf og bauð nýja menn velkomna til starfa. Hann þakkaði U.M.F. Snæfelli fyrir að hafa undirbúið þetta þing og þakkaði jafnframt þingforseta vel unnin störf.

Hann sagði að stjórn og framkvæmdastjóri myndu leggja sig fram um að starfa vel fyrir og í samvinnu við félögin og sleit þar með þinginu.

  
Johannes Finnur Hafþórsson  
Þingforseti

  
Pétur Hrafn Sigurðsson  
Þingritari

## ÞINGSKJAL NR. 1

## A-liður

Breytingatillaga nr. 1.

Körfuknattleiksmönnum er skipt í flokka sem hér segir:

## a) Konur:

1. aldursflokkur 18 ára og eldri  
Unglingaflokkur 15, 16 og 17 ára  
Stúlknaflokkur 13 og 14 ára  
Minnibolti 12 ára og yngri

## b) Minnibolti 8 ára

Stúlkur mega leika með minniboltaliðum drengja þótt þær séu einu ári eldri.

Stefán Arnarson

Körfuknattleiksráð Keflavíkur

Samþykkt með breytingum (Sjá þingskjal nr. 9).

## B-liður

Breytingatillaga nr. 2.

## 6. grein

...Minniboltaleik er skipt í 4 lotur, hver lota er 10 mín. á lengd, leikklokka er ekki stöðvuð nema síðustu mín, í síðustu lotu. Á milli lota skal vera 1 mín. leikhlé, hálfleikur skal vera í 3 mín. Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn annars er hann tapaður. Hver leikmaður verður að leika a.m.k. 1 af fyrstu 3. lotunum, en hann má ekki leika fleiri en 2. Í 4. lotu má hvort lið taka 1 leikhlé, þá skal klukka stöðvuð, í síðustu lotunni er þjálfurum heimilt að skipta leikmönnum inná eins og í venjulegum leik. Í minnibolta mega aðeins 4 leikmenn stilla sér upp við vítateig, þegar vítaskot eru tekin. Í minnibolta fær leimaður ekki vítaskot, ef það er brotið á honum þegar hann á skot að körfu. Dómarar skulu vera sparir á þriggja sek. dóma. Ekki skal dæma yfir miðju þegar sóknarlið missir bolta yfir á vallarhelming sinn. Minniboltaleikur má enda með jafntefli. Ekki skal veita 3 stig fyrir skoraða körfu fyrir utan þriggja stiga línu. Í minnibolta skal leika maður á mann vörn, þó aðeins á sínum varnarhelmingi. Í minnibolta er varnarliði óheimilt að leika "pressuvörn" á sínum sóknarhelmingi. Lið sem nær bolta af sóknarliði vegna þess að það pressar á varnarhelmingi sóknarliðs skal missa boltann. Í minnibolta skal leika með bolta númer 5. Í minnibolta 8 ára og yngri er heimilt að leika með bolta númer 4. Að öðru leiti skulu sömu reglur gilda í minnibolta og öðrum flokkum.

Stefán Arnarson

Körfuknattleiksráð Keflavíkur

Dregin til baka

**C-liður**

Breytingatillaga nr. 3.

## 7. grein

....Tíu (10) leikjahæstu menn í meistaraflokki í Íslandsmóti á hverju keppnistímabili mega ekki keppa með 1. aldursflokki. Séu þeir þrír eða fleiri með jafnmarga leiki í 10. sæti, má aðeins nota tvo þeirra í 1. aldursflokki. Þó er 10 leikjahæstu mönnum í 2. deild karla heimilt að leika með 1. flokki.

Stefán Arnarson  
Körfuknattleiksráð Keflavíkur

Fellt

**D-liður**

Breytingatillaga nr. 4.

## 10. grein

.... Í meistaraflokki kvenna skal mótanefnd KKÍ notast við eftirfarandi vinnureglur við ákvörðun á keppnisfyrirkomulagi í meistaraflokki kvenna:

- 1) Ef fjöldi liða er 6 eða færri, þá skal leika fjórfalda umferð.
- 2) Ef fjöldi liða er 7-8 skal leika þrefalda umferð.
- 3) Ef fjöldi liða er fleiri en 9 skal leika tvöfalda umferð.

Ef fleiri lið en 6 eru í meistaraflokki kvenna skal há úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn, úrslitakeppnin skal leikin með sama sniði og úrslitakeppni úrvalsdeildar með þeirri undantekkingu að fjöldi leikja í úrslitaleikjunum um Íslandsmeistaratitilinn skulu ekki vera fleiri en 3.

Ef áhugi er fyrir hendi skal mótanefnd KKÍ standa fyrir keppni í 2. deild kvenna. Leikið skal með svipuðu sniði og í 2. deild karla, þ.e. í (svæðisskiptum) fjölleikdamótum.

Stefán Arnarson  
Körfuknattleiksráð Keflavíkur

Samþykkt með breytingum (Sjá þingskjal nr. 20)

**E-liður**

Breytingatillaga nr. 5.

## 10. grein.

...Í minnibolta skal leikið þrisvar sinnum á keppnistímabilinu <Þessari línu skal sleppa>.

Stefán Arnarson  
Körfuknattleiksráð Keflavíkur

Dregin til baka

## F-liður

Breytingatillaga nr. 6.

10. grein.

....Þó skal ekki velja í úrvalslið í minnibolta.

Í stúlknafllokki skal leika með kvennabolta, þ.e. samskonar bolta og leikið er með í amerísku kvennaháskóla körfuknattleikskeppninni (NCAA).

Í 9., 8., 7. flokki, minnibolta og stúlknafllokki er einungis heimilt að leika maður á mann vörn. <Kemur í staðinn fyrir setninguna: Í 9... vallarhelmingi.>

Stefán Arnarson

Körfuknattleiksráð Keflavíkur

Samþykkt með breytingum (Sjá þingskjal nr. 21)

## G-liður

Breytingatillaga nr. 7.

10. grein

... B) Í unglingaflokki karla skal leikið í einum riðli (deild). Mótanefnd K.K.Í skal nota eftirfarandi vinnureglur við ákvörðun á keppnisfyrirkomulagi:

1) Ef fjöldi liða er 6 eða færri, þá skal leika fjórfalda umferð.

2) Ef fjöldi liða er 7-8 skal leika þrefalda umferð.

3) Ef fjöldi liða er 9-12, þá skal leika tvöfalda umferð.

4) Ef fjöldi liða er fleiri en 13 þá er mótanefnd heimilt að ákveða keppnisfyrirkomulag, þó þannig að leikir verða aldrei færri en 16.

Það lið sem flest stig hlýtur er Íslandsmeistari. Stjórn K.K.Í skal standa fyrir sérstakri keppni í 1. aldursflokki karla.

Stefán Arnarson

Körfuknattleiksráð Keflavíkur

Samþykkt með breytingum (Sjá þingskjal nr. 22).

## H-liður.

Breytingatillaga nr. 8.

13. grein.

... sem rennur til K.K.Í. Í staðinn fyrir K.K.Í kemur unglingalandsliðsnefndar K.K.Í.

.... Allar sektargreiðslur skulu renna til K.K.Í nema annað sé tekið fram. Þessi setning breytist í: Allar sektargreiðslur skulu renna til unglingalandsliðsnefndar K.K.Í.

Stefán Arnarson

Körfuknattleiksráð Keflavíkur

Fellt



I-liður.  
Breytingatillaga nr. 9.

15. grein.

... Úrslitaleiki í bikarkeppni KKÍ skal leika á hlutlausum velli.

Stefán Arnarson  
Körfuknattleiksráð Keflavíkur

Fellt

J-liður.  
Breytingatillaga nr. 10.

16. grein.

... Draga skal flokkana í riðla, en síðan skal númera hvern flokk innan riðlanna og loks keppt eftir töflu þeirri, sem hér fer á eftir. <Hér skal bæta við> Nota skal eftirfarandi töflu á öfugan hátt þannig að leikur 1-2 verði síðasti leikur í hverju fjölliðamóti.

Stefán Arnarson  
Körfuknattleiksráð Keflavíkur

Dregin til baka

## ÞINGSKJAL NR. 2

Breytingatillaga á grein nr. 10.

1. DEILD: Skal skipuð 8 liðum. Leikið skal í einni deild, tveir heimaleikir og 2 útileikir, þ.e. fjórföld umferð. Sigurvegari í fyrstu deild leikur í úrvalsdeild að ári, en lið númer tvö í fyrstu deild leikur við næst neðsta lið úrvalsdeildar heima og heiman um þátttökurétt í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Körfuknattleiksdeild UBK

Samþykkt með breytingum (Sjá þingskjal nr. 14).

## ÞINGSKJAL NR. 3

A-liður.

5. grein.

Viðkomandi ..... fá fríar ferðir .... eða heimaliði (sjá 26. grein). Dómarar skulu ávallt ferðast á þann máta sem hagkvæmastur er hverju sinni. Ferðist ....

KKÍ fái rétt til að sekta þá dómara sem ítrekað brjóta gegn ákvæði þessu og haft verði samráð við félög um ferðamáta, því það eru félögin sem greiða þennan ferðakostnað.

Körfuknattleiksdeild Snæfells

Felld (Sjá breytingatillögu á þingskjali nr. 15 og 16).

B-liður.

10 grein.

Úrvalsdeild: Úrvalsdeild skal ..... heimavelli þess osfrv. Fyrstu drög að niðurröðun leikja liggja fyrir eigi síðar en í lok júní ár hvert. Lið ....

Körfuknattleiksdeild Snæfells

Samþykkt

C-liður.

26 grein.

3. liður.

.... eða bikarkeppni.

a) Úrvalsdeild pr. lið þrjá dómara.

b) Meistaraflokk karla (ekki úrvalsd.) pr. lið tvo dómara.

c) .....

Körfuknattleiksdeild Snæfells

Dregin til baka

## A-liður.

Breyting á reglugerð um erlenda leikmenn liður nr. 6.

Í lok greinar komi:

Ekki er heimilt að skipta um leikmann eftir 1. janúar, nema leikmaður hafi afturkallað leyfið sjálfur og eða sýnt verður fram á með vottorði að hann sé óhæfur til leiks (vegna veikinda osfrv.)

Ingi Gunnarsson  
Körfuknattleiksdeild UMFN

Fellt

## B-liður

Breyting á 27. grein lið 3.

Óheimilt er að tilkynna félagaskipti eftir 1. janúar til loka keppnistímabilsins.

Ingi Gunnarsson  
Körfuknattleiksdeild UMFN

Visað til millipinganefndar

## C-liður

15. grein.

Í lok 15. greinar komi eftirfarandi:

Innkoma að frádregnum kostnaði vegna dómara og leigu (hámark 15%), skal skiptast jafn á milli leikaðila, allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiði þau sjálf.

Vegna tekjuskiptingar sjá 10. grein.

Í lok greinarinnar komi eftirfarandi:

Verði bein útsending sjónvarps frá leikjum í úrslitum, fellur KKÍ frá 15% reglunni (sjá grein 24, lið a) og liðið fær að auki 50 þúsund af sjónvarpsgreiðslu í sinn hlut, sem myndi skiptast ef um oddaleik væri að ræða.

Ingi Gunnarsson  
Körfuknattleiksdeild UMFN

Samþykkt með breytingum (Sjá þingskjal nr. 12)

## ÞINGSKJAL NR. 5

## A-liður.

Aldurstakmark í unglíngaflokkki kvenna verði hækkað í 18 ár, þannig að aldurinn verði 3 ár, 16, 17 og 18 ára.

Körfuknattleiksdeild UMFT

Felld(Sjá þingskjal nr. 9)

## B-liður.

Breyting á 7. grein.

Út fer texti að ... Verksvið viðkomandi eftirlitsmanns... en í stað komi: dómaranefnd skal skipa eftirlitsdómara á alla leiki í úrvalsdeild svo og í bikarkeppni og skal viðkomandi hafa dómaraaréttindi.

Körfuknattleiksdeild UMFT

Felld

## C-liður.

2 umferðir verði spilaðar fyrir áramót hjá þeim flokkum sem spila 5 umferðir alls, svo sem unglíngaflokkur kvenna, 9. flokkur, 8. flokkur, 10 flokkur og drengjaflokkur.

Körfuknattleiksdeild UMFT

Felld

## FJÁRHAGSÁÆTLUN KKÍ 1.5. 1991 - 30.4. 1992

TEKJUR:

Þáttökugjöld í Íslandsmóti .....	1.800.000
Tekjur af leikjum .....	500.000
Tekjur af leikskrá .....	400.000
Aðrar tekjur v/móta .....	600.000
Sjónvarpsréttindi .....	1.000.000
Þáttökugjöld í bikarkeppni .....	480.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ .....	948.165
LOTTO .....	2.700.000
Selt kennsluefni .....	120.000
Dómaranámskeið .....	150.000
Ýmsar tekjur .....	600.000
Aðrar fjáraflanir, samningar o.fl. ....	5.082.000
Samtals	14.380.000

GJÖLD:

Íslandsmót .....	450.000
Kostnaður leikskrár .....	300.000
Ýmis kostnaður v/móta .....	1.000.000
Bikarkeppni .....	200.000
Evrópukeppni félagsliða .....	360.000
Laun starfsmanna .....	2.900.000
Rekstur skrifstofu .....	756.000
Þinghald, fundir, gjafir o.fl. ....	642.000
Ýmis kostnaður .....	387.000
Fræðslumál .....	300.000
Dómaranámskeið .....	75.000
Þjálfaranámskeið .....	450.000
Landslið KKÍ .....	6.560.000
Samtals	14.380.000

Stjórn KKÍ.

Samþykkt með breytingum (Sjá þingskjal nr. 10)

## ÞINGSKJAL NR. 7

Breytingatillaga við þingskjal nr. 2.

1. deild skal skipuð 8 liðum, leiknar skulu 3 umferðir, fyrstu tvær umferðirnar skulu leiknar heima og heiman, en í þriðju umferð skal dregið um það hvaða lið hlýtur heimaleikinn. Efsta lið 1. deildar fer sjálfkrafa upp í úrvalsdeild, en lið númer 2 í 1. deild leikur einn leik við næst neðsta lið úrvalsdeildar um sæti í úrvalsdeildinni og skal dregið um það hvort liðið hlýtur heimaleikinn.

Körfuknattleiksdeild Víkverja  
Jakob Pétursson

Samþykkt með breytingum (Sjá þingskjal nr. 14)

## ÞINGSKJAL NR. 8

Tillaga til 31. ársþings KKÍ.

Stjórn KKÍ tilnefni nefnd, er fulltrúum allra aðildarfélaga verði boðið að starfa með, og fjalli um málefni yngstu iðkendanna, þ.e. minniboltans.

Verði nefnd þessi skipuð öllum helstu sérfræðingum innan vébanda KKÍ, og leggi hún tillögur sínar fyrir næsta ársþing KKÍ.

Ennfremur sjái nefnd þessi til þess að minniboltareglur FIBA verði þýddar, staðfærðar, útgefnar og staðfestar af stjórn KKÍ fyrir upphaf næsta keppnisímabils.

Ólafur Rafnsson

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 9

Breytingatillaga við þingskjal nr. 5 A-liður.

6. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót breytist þannig:

- a) Konur:
- 1. aldursflokkur 19 ára og eldri
  - Unglingaflokkur 17 og 18 ára
  - Stúlknaflokkur 14 og 15 ára
  - 8. flokkur 13 ára
  - Minnibolti 12 ára og yngri.

Laga og leikreglanefnd.

Samþykkt

## FJÁRHAGSÁÆTLUN KKÍ 7.5. 1991 - 30.4. 1992

TEKJUR:

Þátttökugjöld í Íslandsmóti .....	2.200.000
Tekjur af leikjum .....	500.000
Tekjur af leikskrá .....	400.000
Aðrar tekjur v/móta .....	400.000
Sjónvarpsréttindi .....	1.000.000
Þátttökugjöld í bikarkeppni .....	700.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ .....	960.000
LOTTO .....	3.000.000
Selt kennsluefni .....	120.000
Dómaranámskeið .....	150.000
Ýmsar tekjur .....	600.000
Aðrar fjáraflanir, samningar o.fl. ....	5.082.000
<b>Samtals</b>	<b>15.112.000</b>

GJÖLD:

Íslandsmót .....	450.000
Kostnaður leikskrár .....	300.000
Ýmis kostnaður v/móta .....	1.000.000
Bikarkeppni .....	200.000
Evrópukeppni félagsliða .....	360.000
Laun starfsmanna .....	3.700.000
Rekstur skrifstofu .....	500.000
Þinghald, fundir, gjafir o.fl. ....	390.000
Ýmis kostnaður .....	300.000
Fræðslumál .....	300.000
Dómaranámskeið .....	75.000
Þjálfaranámskeið .....	450.000
Landslið KKÍ .....	6.560.000
Rekstrarafgangur .....	827.000
<b>Samtals</b>	<b>15.112.000</b>

Fjárhagsnefnd

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 11

Breytingatillaga við þingskjal nr. 1 C-lið:

....Tíu (10) leikjahæstu menn í meistaraflokki í Íslandsmóti á hverju keppnistímabili mega ekki keppa með 1. aldursflokki. Séu þeir þrír eða fleiri með jafnmarga leiki í 10. sæti, má aðeins nota tvo þeirra í 1. aldursflokki. Þó er 5 leikjahæstu mönnum í 2. deild karla heimilt að leika með 1. flokki.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 12

Breytingatillaga við C-lið Þingskjals nr. 4.

Síðasta málsgrein 15. greinar reglugerðar KKÍ um körfuknattleiksmót fellur niður. Hún hljóðar svo: Ágóða eða tapi af hverjum leik ... Skal mótanefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku frá móttöku kröfu.

Í lok 15. greinar komi í staðinn:

Innkoma að frádregnum kostnaði venga húsaleigu (hámark 16%) og vegna dómara skal skiptast jafnt á milli leikaðila. Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf. Aðgöngumiðar á leiki í bikarkeppni skulu vera númeraðir.

Síðari hluti þingskjals nr. 4 falli niður.

Fjárhagsnefnd.

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 13

Breytingatillaga við 5. grein.

Ferðakostnaður dómara í úrvalsdeild, 1. deild karla, 1. deild kvenna, lávarðadeild og unglingsflokki karla .....

Grétar Pálsson

Samþykkt



## ÞINGSKJAL NR. 14

Breytingatillaga við þingskjal nr. 2.

1. Deild skal skipuð 8 liðum, leiknar skulu 3 umferðir, fyrstu tvær umferðirnar skulu leiknar heima og heiman, en í þriðju umferð skal dregið um það hvaða lið hlýtur heimaleik. Dregið skal um oddaleikinn strax og vitað er hvaða lið leika í fyrstu deild, skal fyrra lið dregið fá heimaleik, þó aldrei tvo heimaleiki í röð. Síðan skal leika fjögurra liða úrslitakeppni milli efstu liða. Lið númer 1 spilar við lið númer 4 og lið 2 við lið 3. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum í undanúrslitum sigrar. Það lið sem ofar er í deildinni skal fá 1. og 3. leik. Ef ekki nást 7 keppnislið í 1. deild skal spila fjórfalda umferð án úrslitakeppni. Sigurvegari í 1. deild leikur í úrvalsdeild að ári en lið númer tvö leikur við næstneðsta lið úrvalsdeildar heima og heiman um þátttökurétt í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili. Neðsta lið í fyrstu deild fellur sjálfkrafa í aðra deild.

Allsherjarnefnd

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 15

Breytingatillaga við þingskjal nr. 3 A-lið.

A-liður á þingskjali nr. 3 verði samþykktur að þremur síðustu línunum undanteknum, þ.e.s. Viðkomandi .... Ferðist ..... að viðbættu "Tekinn verði upp sameiginlegur ferðasjóður dómara, líkt og í fyrstu deild karla og úrvalsdeild í 1. deild kvenna og lávarðadeild.

Allsherjarnefnd

Samþykkt með breytingum (sjá þingskjal nr. 16)

## ÞINGSKJAL NR. 16

Breytingatillaga við tillögu Allsherjarnefndar á þingskjali nr. 15 á 5. gr.:

Niður falli setningin "Tekin verði .... o.s.frv."

Í stað þess breytist setningin "Ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild...." og verði svohljóðandi "Ferðakostnaður dómara í Úrvalsdeild, 1. deild karla og kvenna og Lávarðadeild...."

Grétar Pálsson

Samþykkt

ÞINGSKJAL NR. 17

Breytingatillaga við þingskjal nr. 4 B-liður.

Óheimilt er að tilkynna félagaskipti frá og með 1. nóvember til loka tímabils. Regla þessi gildir eingöngu fyrir meistaraflokk karla og kvenna.

Allsherjarnefnd

Vísað til millipinganeftdar.

ÞINGSKJAL NR. 18

Breytingatillaga við 10. grein A-liður.

Á eftir setningunni: Fjöldi liða í riðlum: .. skal ákveðin þannig að 6 lið eða færri leika í einum riðli, 7 til 12 lið leika í tveimur riðlum.

Allsherjarnefnd

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 19

Breytingatillaga við þingskjal nr. 15.

Undirritaður leggur til eftirfarandi breytingu á breytingatillögu alsherjarnefndar

5. grein

Niður falli setningin "Tekin verði ...

Í stað þess breytist setningin þannig:

"Ferðskostnaður dómara í úrvalsdeild .... verði svohljóðandi:  
Ferðakostnaður dómara í úrvalsdeild, 1. deild karla og kvenna og lávarðadeild,.....

Grétar D. Pálsson

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 20

10. grein

.... Í meistaraflokki kvenna skal mótanefnd KKÍ notast við eftirfarandi vinnureglur við ákvörðurn á keppnisfyrirkomulagi í meistaraflokki kvenna:

- 1) Ef fjöldi liða er 6 eða færri, þá skal leika fjórfalda umferð.
- 2) Ef fjöldi liða er 7-8 skal leika þrefalda umferð.
- 3) Ef 9 lið eða fleiri leika í 1. deild kvenna skal leika tvöfalda umferð.

Ef fleiri lið en 6 eru í meistaraflokki kvenna skal há úrslitakeppni um Íslandsmeistarátitillinn. Úrslitakeppni 1. deildar kvenna skal háð þannig að lið í fyrsta sæti og lið í fjórða sæti leiki saman og lið í öðru og þriðja sæti leiki saman þar til annað liðið hefur sigrað í tveim leikjum. Þau lið sem sigra leika til úrslita og verður það lið íslandsmeistari sem fyrr sigrar í tveim leikjum.

3. Mótanefnd skal standa fyrir keppni í 2. deild kvenna.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 21

Breytingatillaga við þingskjal nr. 1 F-liður.

10. grein.

....Þó skal ekki velja í úrvalsið í minnibolta.

"Í öllum flokkum kvenna skal leikið með kvennabolta"

Í 9., 8., 7. flokki, og í stúlknaflokki er einungis heimilt að leika maður á mann vörn en á eigin sóknarhelmingi má leika hvaða vörn sem er.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 22

Breytingatillaga við þingskjal nr. 1 G-liður.

10. grein

... B) Í unglíngaflokki karla skal leikið í einum riðli (deild). Mótanefnd KKÍ skal nota eftirfarandi vinnureglur við ákvörðun á keppnisfyrirkomulagi:

- 1) Ef fjöldi liða er 6 eða færri, þá skal leika fjórfalda umferð.
- 2) Ef fjöldi liða er 7-8 skal leika þrefalda umferð.
- 3) Ef fjöldi liða er 9-12, þá skal leika tvöfalda umferð.
- 4) Ef fjöldi liða er 13 eða fleiri þá er mótanefnd heimilt að ákveða keppnisfyrirkomulag, þó þannig að leikir verða aldrei færri en 16.

Það lið sem flest stig hlýtur er Íslandsmeistari. Stjórn KKÍ skal standa fyrir sérstakri keppni í 1. aldursflokki karla.

Laga og leikreglanefnd

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 23

Tillaga til þingsályktunar.

31. þing KKÍ ályktar að þar sem viðkvæmri umræðu um reglur um félagaskipti hefur verið vísað til milliþinganefndar, þá skuli félög innan KKÍ gæta að því að ekki er ásættanlegt að verið sé að bjóða í leikmenn annara liða á keppnistímabili og gera með sér heiðursmannasamkomulag um að láta slíkt hjá liða fram að næsta ársþingi.

Sveinn Ævarsson  
Körfuknattleiksdeild ÍBK

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 24

Tillaga til þingsályktunar:

Allsherjarnefnd beinir þeim tilmælum til stjórnar KKÍ að félagaskipti erlendra leikmanna verði tekin fyrir á formannafundi.

Allsherjarnefnd.

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 25

Tillaga til þingskýlyktunar.

31. ársþing KKÍ felur stjórn KKÍ að skipa nefnd sem yfirfer skipan dómaramála og skilar álitni þar um á næsta ársþingi KKÍ

Kristinn M. Stefánsson.

Samþykkt

## ÞINGSKJAL NR. 26

Tillaga um einstaklinga í nefnd til endurskoðunar á félagaskiptareglum.

Lagt er til að eftirtaldir einstaklingar skipi nefnd til endurskoðunar á félagaskiptareglum:

Ólafur Rafnsson  
Ingvar Kristinsson  
Sveinn Ævarsson

Samþykkt

Tvær tillögur komu fram á þinginu. Þegar þingforseti leitaði afbrigða til að taka þær fyrir náðist ekki tilskilinn meirihluti og voru þær því ekki ræddar á þinginu. Tillögurnar ásamt greinargerð fara hér á eftir.

#### Tillaga um dómaramál.

Körfuknattleiksdeild UBK leggur til, í samráði við Snæfell, að dómaraþar fái frítt inn á alla leiki, ásamt maka sínum, sem haldnir eru á vegum KKÍ þar með talið landsleiki. Þessi tillaga kom upp í umræðu í vinnuhóp um dómaramál hvernig umbuna mætti dómurum meira en gert er í dag. við vonumst til að þessi auðfrákvæmanlega tillaga verði fyrsta skrefið til að vekja áhuga á dómgæslu.

Með von um góðar undirtektir

Bjarni G. Þórmundsson  
Körfuknattleiksdeild UBK

Stutt  
Þorvaldur Pálsson  
Körfuknattleiksdeild Snæfells.

#### Tillaga um breytingu á reglugerð fyrir erlenda leikmenn.

Keppnistímabilið 1991 til 1992 verður félögum sem leika í úrvalsdeild heimilt að hafa innan sinna raða tvo erlenda leikmenn.

#### Greinargerð:

Samkvæmt tillögunni er hér verið að heimila tvo erlenda leikmenn með hverju liði í úrvalsdeild til reynslu í eitt ár. Fjölmargt mælir með því að þetta verði reynt, og það skref stigið til fulls sem félög hér á landi hafa verið að taka undanfarin ár.

Það er gleðileg staðreynd að körfuknattleikurinn hefur staðið sig vel í samkeppninni við handknattleikinn undanfarin ár, og þá e.t.v. aldrei eins og s.l. keppnistímabil. Hinsvegar liggur það nú fyrir að næsta keppnistímabil mun handknattleikurinn verða leikinn með nýju fyrirkomulagi sem mun laða að fleiri áhorfendur að öllu óbreyttu. Þá eru margir af okkar þekktustu leikmönnum í handknattleik á leið heim eftir að hafa leikið erlendis, og erlendum handknattleiksmönnum mun fjölga hér á landi næsta vetur. Allt þetta mun bæta samkeppnisstöðu handknattleiksins gagnvart körfuknattleiknum verulega, verði ekkert að gert.

Kostnaðurinn við að hafa tvo erlenda leikmenn í stað eins þarf ekki að tvöfaldast. Þessir menn gætu t.d. samnýtt íbúð og bíl ef um slíkt er að ræða. Þó mun aukinn kostnaður e.t.v. verða það sem einhverjir munu setja fyrir sig, en engin ástæða er til að ætla annað en að þessi aukakostnaður muni skila sér til baka í aukinni aðsókn og vel það.

Ein af röksemdum þeirra er voru á móti því í upphafi að erlendum leikmönnum yrði leift að leika hér á landi var sú að "þeir myndu taka of mikið frá okkar mönnum", m.ö.o. verða of áberandi og hindra framfarir okkar manna. Þetta hefur fallið um sjálft sig eins og allir vita, og tveir erlendir leikmenn með hverju liði eins og tíðkast nær allstaðar í Evrópu myndu heldur ekki haft þessi áhrif. Tilkoma þeirra myndi einungis lyfta körfuboltanum upp á enn hærra plan, auka umfjöllun í fjölmiðlum og stuðla að áframhaldandi sókn körfuknattleiksins gagnvart öðrum íþróttagreinum.

Gylfi Kristjánsson